

1871.

23. maí.

Því, sem samið hefir verið handa háskólakennara Johnstrup, að allir embættismenn á Íslandi, sem tæður háskólakennari Johnstrup kann að leita til á ferðalagi sínu, láti honum í tæ alla aðstoð og hjálp, sem þarf til þess að framkvæma það, sem honum er falið á hendur.

24. maí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, um þegnlegt ávarp frá alþingi 1869.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, með bréfi 16. oktbr. 1869 senduð hingað þegnlegt ávarp, dagsett alþingi 19. septbrm. 1869 og undirskrifað af Jóni Sigurðssyni og Halldóri Jónssyni, hafið þér sem konungsfulltrúi skýrt frá, að hinn fyrsti konungkjörni alþingismaður, háyfirdómari í hinum konunglega íslenska landsyfrrætti, Þórður Jónasson, hafi fyrir sig og fyrir hönd fimm annara nefndra alþingismanna í bréfi leidd áthygli yðar að því, að þingið hafi ekki verið fullskipað samkvæmt tilskipun 8. marz 1843, 61. gr., þá er ályktun var gjörð um ávarpið, þar sem hinn fimmti konungkjörni alþingismaður Pétur biskup Pétursson var eigi á fundi, og fyr nefndir sex alþingismenn gengu af þinginu,

3. að þér útvegið skýrslur um brennisteinsnámið í Krýsuvík og megn brennisteinsins í námunum þar, til samanburðar við námur landssjóðsins í Þingeyjarsýslu.

Stjórnarráðinu mundi og þykja vænt um, að þér að svo miklu leyti, sem unnt er, um leið notið tækifærið til að skoða silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, og rannsaka, hvort ekki mætti hafa meiri arð af honum, en nú fæst með því, að hann er leigður manni fyrir 20 rd. afgjald á ári.²

Að endingu mælumst vér til, að þér sendið stjórnarráðinu, þegar þér eruð kominn heim aptur, nákvæma skýrslu um rannsóknir yðar og árangurinn af þeim, og jafnframt þá um leið uppástungu yðar um, hvernig framvegis megi nota brennisteinsnámana og silfurbergsnámann, og um meðferðina á þeim.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 424.

er gengið var til atkvæða um ávarpið, og greiddu eigi atkvæði, svo ekki voru þrír hlutir þingmanna þá eptir í salnum, en þetta hefir forseti vottað í bræfi því, er hann sendi yður ávarpið með.

Um þetta gefst yður til vitundar sem konungsfulltrúa á alþingi, sem nú fær í hönd, að þaræð hið svo nefnda þegnlega ávarp eigi er löglega samþykkt af alþingi, hefir það eigi verið fallið til þess að konungur svari því.

1871.

24. maí.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lóð handa hegningarhúsinu í Reykjavík.

24. maí.

Þarsem þær, herra stiptamtmaður, í bræfi 2. þ. m. meðal annars hafið farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að kaupa tiltekna lóð og grjót það, sem á henni er, að steinhöggv-ara Sverri Runólfssyni fyrir 35 rd., með því þar mætti fá bygg-
ingarlóð handa hegningarhúsinu, sem á að byggja, og væri lóðin 80 áln. á lengd með fram hinum nýja þjóðvegi, Skólavörðuveginum, veitir stjórnarráðið yður hérmeð þessa heimild, sem þær hafið beðið um.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1869 og 1870.

24. maí.

Með bræfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju hinna almennu lagaboða, sem út hafa komið í Danmörku á árunum 1869 og 1870, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta þingi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af laga-